

Trabelsi gegn Þýskalandi

Dómur frá 13. október 2011

Mál nr. 41548/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingar. Alvarleg afbrot. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærandi, Mourad Ben Khemais, er túnískur ríkisborgari. Hann fæddist í Þýskalandi árið 1983 og hefur verið búsettur þar ásamt fjölskyldu sinni alla tíð síðan. Kærandi var dæmdur 9 sinnum á árunum 1998-2003 fyrir ýmis afbrot, m.a. vopnað rán og vörslu fíkniefna. Árið 2002 var honum tilkynnt að frekari brot myndu leiða til brottvísunar hans frá Þýskalandi. Ári síðar hlaut kærandi 4 ára dóm vegna ýmissa brota. Árið 2004 var kæranda vísað úr landi á grundvelli innflytjendalöggjafar landsins en samkvæmt henni bar að vísa hverjum þeim innflytjanda sem dæmdur hafði verið til meira en 3 ára fangelsisvistar úr landi. Ákvörðunin skyldi taka gildi frá þeim tíma sem kærandi losnaði úr fangelsi. Yfirvöld töldu þjóðfélagslega hagsmuni af því að vísa kæranda úr landi vegna þyngra en hagsmuni kæranda að fá að búa áfram í landinu. Áfrýjunum kæranda vegna þessarar ákvörðunar var hafnað af stjórnlagadómstól Þýskalands. Dómstóllinn taldi brottvísun hans vera í samræmi við meðalhóf enda þjónaði hún almannahagsmunum. Árið 2008 dæmdi héraðsdómur kæranda til greiðslu sekta vegna vopna- og fíkniefnalagabrota. Þá var einnig gefin út ákæra á hendur honum vegna líkamsárásar, eignaspjalla og frekari vopnalagabrota. Enn hefur ekki fallið dómur í umræddum málum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að vegna sterkra félagslegra tengsla sinna við Þýskaland hefðu þýsk yfirvöld með brottvísuninni brotið gegn 8. gr. sáttmálans. Hann benti á að hann hefði engin tengsl og ætti enga fjölskyldumeðlimi í Túnis og að öll þau brot sem hann hefði verið dæmdur fyrir hefðu verið framin á unglingsárum hans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að þótt ákvörðunin um að vísa kæranda úr landi fæli í sér skerðingu á friðhelgi fjölskyldulífs og einkalífs hans hefði hún haft lagastoð í landsrétti og verið vægasta leiðin til að ná fram þeim lögmætu hagsmunum sem stefnt var að, þ.e. að koma í veg fyrir frekari afbrot af hálfu kæranda í Þýskalandi. Dómstóllinn áréttaði að fjölmörg Evrópuríki hefðu sett sambærileg lög sem heimiluðu brottvísun innflytjenda sem dæmdir hefðu verið fyrir alvarleg brot. Ljóst væri að 8. gr. sáttmálans verndaði ekki afdráttarlaust einstaklinga frá því að vera vísað úr landi hefðu þeir myndað ákveðin tengsl við landið eins og kærandi. Þá bar að líta til þess að kærandi hafði hvorki sótt um framlengingu á landvistarleyfi sínu sem rann út árið 2002 né hafði hann sótt um að öðlast þýskan ríkisborgararétt. Þau brot sem kærandi var dæmdur fyrir höfðu auk þess verið alvarleg og sum þeirra framdi hann á fullorðinsaldri eftir að hann hafði verið varaður við hugsanlegum afleiðingum þeirra. Dómstóllinn féllst ekki á þær fullyrðingar kæranda að hann hefði engin tengsl við Túnis enda varð ekki séð að hann hefði myndað nein tengsl við Þýskaland fyrir utan fjölskyldutengsl sín. Niðurstaða dómstólsins var með hliðsjón af framangreindu sú að þýsk yfirvöld hefðu ekki brotið gegn 8. gr. sáttmálans.